

AUGLÝSING

um endurnýjun skotvopnaleyfa og annarra leyfa, skv. lögum nr. 46 frá 13. maí 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Samkvæmt heimild í 5. tölulið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 46 frá 13. maí 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, eru frestir til endurnýjunar leyfa samkvæmt 1. til 4. tölulið á ákvæðum til bráðabirgða nefndra laga framlengdir sem hér segir:

- a. Frestur til endurnýjunar skotvopnaleyfa framlengist til 30. apríl 1979.
- b. Frestur til endurnýjunar leyfa til verslunar og innflutnings efna og tækja skv. 1. til 4. mgr. 1. gr. laga 46/1977, framlengist til 30. apríl 1979.
- c. Frestur til endurnýjunar leyfa, til framleiðslu á efnum og tækjum, skv. 1. til 4. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1977, framlengist til 30. apríl 1979.
- d. Frestur til endurnýjunar leyfa til manna að mega annast sprengingar, framlengist til 31. desember 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1978.

F. h. r.
Baldur Möller.

Porleifur Pálsson.

Nr. 444.

15. desember 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skiptingu tilgreindra tíðnisviða vegna útvarps.

Hinn 24. nóvember 1978, staðfesti samgönguráðuneytið með bréfi til aðalritara Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) samþykki sitt á svæðissamkomulagi um skiptingu tilgreindra tíðnisviða vegna útvarps (Regional Agreement concerning the Use by the Broadcasting Service of Frequencies in the Medium Frequency Bands in Regions 1 and 3 and in the Low Frequency Bands in Region 1), gerðar í Genf hinn 22. nóvember 1975.

Samningurinn gekk í gildi hinn 23. nóvember 1978.

Staðfestingarbréfið og samningurinn liggja frammi í ráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Samgönguráðuneytið, 15. desember 1978.

Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.